

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Krýsuvíkurborgs.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. mars 2021 breytingu á ofangreindu deiliskipulagi þar sem færa þarf til framkvæmdasvæði fyrir útsýnispall 10 metra til vesturs og svæði undir bílastæði er snúið um nokkrar gráður, gönguleiðir hliðrast til samræmis. Færslan kemur til vegna jarðskjálfta og nýrra sprungumyndana á svæðinu og er þetta gert til að auka öryggi ferðafólks.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. ágúst 2021.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2021